

Stjórnarfundur FHB

miðvikudaginn 14. apríl 2010 í Bændahöllinni kl. 18:30

Mætt voru: Kristinn Guðnason formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Eyþór Einarsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari, Ólafur Einarsson og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð.

Kristinn setti fund og fór yfir **afurðamálin**. Nú vantar hross og merkingarreglugerð tefur, en einhverjir stóðbændur eiga enn eftir að ganga frá sínum málum hvað hana varðar. Eins og er vantar hross til slátrunar á markað í Sviss.

Hulda lagði fram tvö erindi er borist höfðu félaginu. Annars vegar frá Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna þar sem óskað var eftir styrk til fagkeppni kjötiðnaðarmanna, en FHB hefur komið að þeirri keppni um nokkurra ára skeið. Samþykktur styrkur upp á 150.000 til MFK. Hitt erindið frá Lands sambandi sláturleyfishafa þar sem óskað er eftir styrk upp á kr. 500.000 vegna þýðinga á reglugerðum svo halda megi útflutningi til Rússlands opnum. Samþykkt og Huldu falið að sækja um framlög þessi til verðskerðingarsjóðs.

Undirbúningur fyrir formannafund.

Farið yfir lög og reglur LH varðandi val á landsmótsstað.

Rætt um ályktun FHB sem fór til Búnaðarþings, en hún tilgreindi ekki ákveðna mótsstaði, heldur að mótin skyldu haldin í dreifbýli til skiptis fyrir norðan og sunnan. Sanngirnismál og nauðsynlegt að fá viðbrögð formannafundar.

Rætt um rekstur landsmóta og kostnað við mótssvæði.

FHB ætti að stefna að meiri aðkomu að mótahaldinu. Ekki óeðlilegt að félagið hafi eitthvað að segja um þessi mál.

Rætt um **menntaráðstefnu FEIF** sem Hulda og Sigbjörn sóttu. Mjög áhugaverð ráðstefna þar sem Dr. Gerd Heuschmann var aðalfyrirlesari, en hann er dýralæknir og reiðkennari. Umfjöllunarefnið var lífeðlisfræði og líkamsbeiting hrossa og mikilvægi rétttrar þjálfunar og uppbyggingar. Mikilvægi þess að dómáraman geri sér grein fyrir rétttri og rangri líkamsbeitingu hrossa og séu ekki að umbuna þeim hrossum sem ekki eru rétt þjálfuð og beita sér rangt. Hulda og Sigbjörn létu vel af ráðstefnunni og sögðu hana hafa verið mjög góða og ekki síður mikilvæga til að efla alþjóðlega tengslanetið, en um 100 þjálfarar og dómáraman sóttu ráðstefnuna.

Sigbjörn sagði frá fundi með **forystu FEIF** sem fram fór í gær, en fundinn sátu auk hans Kristinn og Hulda sem og þau Marlise Grimm ræktunarleiðtogi, Jens Iversen formaður og Jón Albert Sigurbjörnsson varaformaður. Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur BÍ sat fundinn einnig. Fjallað var vítt og breitt um helstu verkefni á borðum FEIF þessa dagana, framtíðarsýn í skipun ræktunarmála og aðild FHB að FEIF í gegnum BÍ. Ísland er eina landið innan FEIF þar sem félagsaðildin er tvöföld, þ.e. í gegnum bæði BÍ og LH. Að sögn fulltrúa FEIF er þessi tvöfalda aðild ekki vandamál, en nauðsynlegt að verkaskipting sé

skýr og samstarf gott. Í stefnumótun sem stjórn FHB hefur unnið að undanfarið er m.a. lögð áhersla á aukið alþjóðlegt samstarf og var þessi fundur góður grunnur þar að.

Kristinn sagðist mikið hafa reynt að fá **fund með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** undanfarið, en ekki fengið. Meðal annars þarf að ræða ESB mál, breytingar á lögum um stofnverndarsjóð sem og þróunarverkefnið, en stjórn FHB leggur mikla áherslu að hrossaræktin fái eitthvert framlag til markaðs- og þróunarverkefna enda eina búgreinin sem nýtur ekki annars konar opinberra styrkja.

Félagsgjald FHB rætt, en einhverjar fyrirspurnir bárust um það í fundarferð formanns um landið. Spurt var af hverju gjaldið væri ekki lækkað félagsgjald þar sem áskriftin að WorldFeng hefði nú færst yfir til hestamannafélaganna? Stjórnin vinnur eftir því sem aðalfundur samþykkir og á síðasta aðalfundi var samþykkt óbreytt árgjald. Þrátt fyrir að allir félagar í hestamannafélögum hafi aðgang að WF eru félagar í FHB líka með sína áskrift áfram, auk þess sem félagið hefur styrkt ýmis þróunarverkefni í WorldFeng sem það telur vera félagsmönnum sínum til hagsbóta t.d. heimaréttina.

Kristinn sagði frá **samstarfsverkefni FT og FHB** á dögnum þar sem Rúna Einarsdóttir Zingsheim var með fræðslufyrirlestur í Borgarnesi og svo sýnikennslu á vegum Rangárhallarinnar. Rúna tók enga greiðslu fyrir en sagðist gjarna vilja sjá félögin beita sér fyrir því að eitthvað af hinum klassísku bókmenntum reiðmennskunnar yrðu þýddar yfir á íslensku. Stjórnarmenn fögnuðu þessu framlagi Rúnu og munu skoða möguleika á því að fá slík verk þýdd.

Fjármál FHB. Eypór fór yfir stöðuna og sagði uppgjör 2009 nánast frágengið og liti út fyrir að það kæmi bara nokkuð vel út. Staðan ágæt, en nauðsynlegt að sýna aðhald í ljósi aðstæðna og samdráttar í öllum framlögum til greinarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 23.

HGG/hgg